




Mannauðsstefna **Mosfellsbæjar**

2020 -2027



Eftirsóttur og
aðlaðandi vinnustaður

Flott fólk sem vinnur að því að
gera **Mosfellsbæ** að **enn betri bæ**
í ört stækkandi bæjarfélagi




**Æskileg
staða 2027:**

Við vinnum í þágu samfélagsins og stærstu verkefni næstu ára felast í að auka lífsgæði bæjarbúa og ánægju starfsmanna í ört stækkandi bæjarfélagi.


Mosfellsbær er fjölskylduvænn, heilsueflandi, eftirsóttur og aðlaðandi vinnustaður

Sem byggir á áhugasömu og hæfu starfsfólki sem hefur tækifæri til að rækta þekkingu sína og færni í starfsumhverfi sem einkennist af jákvæðni.



Æskileg staða 2027: Starfssemi Mosfellsbæjar einkennist af jákvæðu, framsæknu og samstíga starfsfólki. Áherslur mannauðsstefnu Mosfellsbæjar móta og stýra starfssemi okkar til næstu ára.

Í mannauðsmálum til ársins 2027



FLOTT FÓLK

Markvisst er unnið að því að efla ánægju starfsfólks og ýta undir góðan starfsanda.



SAMSTARFSFÚS

Við virkjum félagsauðinn í gegnum samspil félagsstarfs og starfsmanna. Íbúalýðræði leiðir til samtals og samvinnu milli allra.



FRAMSÆKIN

Við erum samstiga og höfum þor til að þróa nýjar leiðir. Við gætum að símenntun, fjölskylduvænu starfsumhverfi og launajafnrétti.




MEÐVITUÐ

Virðing er til staðar gagnvart öllum störfum, þvert á svið og stofnanir. Við erum til fyrirmyndar varðandi rekstur og leggjum öll okkar af mörkum til að raungera það.

Æskileg staða 2027:

Mosfellsbær er stolt samfélag, ríkt af mannauði sínum sem samanstendur af flottu fólki. Símenntun er sinnt með öflugum hætti og fræðsluáætlun miðast af þörfum allra stofnana.

Mosfellsbær hefur það markmið að vera eftirsóttur og aðlaðandi vinnustaður. Markvisst er unnið að því að efla ánægju starfsfólks og ýta undir góðan starfsanda.




FRAMSÆKIN STARFSANDI

Við berum sameiginlega ábyrgð á jákvæðri vinnustaðamenningu. Við leggjum sérstaka áherslu á vellíðan starfsfólks og hlúum að því í jákvæðu starfsumhverfi.



FÉLAGSAUÐUR

Félagsauður er virkur í samstarfi og Mosfellsbær nýtur góðs af sterkum tengingum á milli fólks. Til staðar er virðing og starfsfólk starfar sem ein heild þvert á svið og stofnanir.



Mosfellsbær setur sér markmið að vera eftirsóttur og aðlaðandi vinnustaður. Við stuðlum að framþróun og nýbreytni starfsfólks með auknum tækifærum til símenntunar og starfsþróunar.

Mosfellsbær skapar starfsfólki starfs-
umhverfi þar sem ríkir launajafnrétti.
Jafnlaunakerfi er til staðar sem styður við
launasamsetningu þvert á stofnanir.
Mosfellsbær hefur hlotið jafnlaunavottun.



Virkt íbúalýðræði og samráð leiðir til samtals og samvinnu milli starfsmanna, íbúa og kjörinna fulltrúa. Við erum til fyrirmyndar varðandi rekstur og þróun starfsseminnar.




SAMSTARFSFÚS

Starfsfólk Mosfellsbæjar sýnir jákvætt viðmót í starfi og er til þjónustu reiðubúið. Virkt samtal og samvinna er milli starfsmanna, íbúa og kjörinna fulltrúa sem einkennist af lausnamiðaðri nálgun.



STERK TENGL

Starfsfólk Mosfellsbæjar er virkt í samstarfi og nýtur góðs af sterkum tengingum þeirra á milli, óháð starfsstað. Samheldni og virkt samstarf hefur jákvæð áhrif á íbúa, viðskiptavinum og starfsfólk bæjarins.



Við virkjum félagsauðinn í gegnum samspil félagsstarfs og starfsmanna. Til staðar er virðing gagnvart ólíkum störfum og starfsfólk starfar sem ein heild þvert á svið og stofnanir.



SVEIGJANLEG

Lögd er áhersla á að stuðla að jafnvægi milli vinnu og einkalífs og sveigjanleiki er gagnkvæmur þegar þess er þörf. Þannig aukum við meðvitað lífsgæði starfsfólks.



FJÖLSKYLDUVÆN

Mosfellsbær er fjölskylduvænn vinnustaður sem viðurkennir mikilvægi þess að gott jafnvægi ríki milli vinnu og einkalífs. Fjölskylduábyrgð og starf fer vel saman sem eykur lífsgæði starfsfólks og er vinnustaðnum til hagsbóta.



FJÖLBREYTILEIKI

Vinnustaðir Mosfellsbæjar endurspeglar margbreytileika samfélagsins. Unnið er í anda fjölmennningar og jafnréttis þar sem reynsla og þekking alls starfsfólks fær notið sín óháð stöðu á vinnustað.

Gildin okkar

Mannauðsstefna **Mosfellsbæjar**

2020-2027



Við höfum gildin okkar:

Virðingu, jákvæðni, framsækni og umhyggju að leiðarljósi í daglegu starfi.